

Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein (2005)

Bókarhöfundur: Guðjón Friðriksson

Bókarheiti: Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein

Gagnrýnandi: Auður Styrkársdóttir

Útgáfa: Mál og menning, 2005

Íslendingar komast vart hjá því að heyra nafn Hannesar Hafsteins því hans er rækilega getið í námsbókum í Íslandssögu og þá í tengslum við það að með heimastjórn hafi merkur áfanga verið náð í sjálfstæðisbaráttunni og að með flutningi valdsins til Íslands hafi byrjað hér mikið blómaskeið. Hannes var fyrsti íslenski ráðherrann og bjó í Reykjavík. En hann er einnig sagður skáld gott og hafa verið mikið glæsímenni. Þá er held ég upp talin sú vitneskja sem velflestir Íslendingar hafa um þennan mann, að undanskildum þeim sem lesið hafa þriggja binda verk Kristjáns Albertssonar um Hannes sem út kom á árunum 1961—64. Hér verður reynt að svara því hvort bók Guðjóns Friðrikssonar eigi erindi til stjórnmálafræðinga og áhugasamra um Íslandssögu og stjórnmál og bæti við þekkingu okkar á þessu tímabili Íslandssögunnar.

Guðjón bendir á í eftir mála að rit Kristjáns hafi verið ritað einhliða söguhetjunnin í vil og andstæðingum hennar lagt flest út á verri veg. Guðjón hefur að eigin mati víðara sjónarhorn og nýtur fjarlægðarinnar, auk þess sem ýmsar heimildir hafa komið fram sem Kristján hafði annað hvort ekki vitneskju um eða voru ekki komnar fram í dagsljósið. Þótt bók Guðjóns sé síst minni umfangs en bók Kristjáns er áherslan stundum á öðrum þáttum í ævi Hannesar en sjónarhornið þó hið sama: uppvöxtur og æviferill manns sem tók við stjórnartaumum í sínu landi. Sagan fylgir hefðbundnu ævisöguformi í frásagnarstíl og vinnubrögðum. Bókin skiptist í ellefu hluta þar sem byrjað er á fæðingu manns og endað á dauðanum, heimildaskrá er ítarleg og nafnaskrá sömuleiðis. Fjöldi ljósmynda prýða bókina og eru margar í einkaeigu og hafa því ekki komið fyrir almenningssjónir áður.

Sérstaklega vekur mannlegan áhuga hinn erfiði uppvöxtur Hannesar og sá æviferill sem honum var markaður nánast frá fæðingu. Hér styðst Guðjón meðal annars við dagbækur Sveins Þórarinssonar amtmannsskrifara sem skráði lýsingar á ógurlegum veikindum yfirboðara síns, Péturs Havsteins föður Hannesar, sem drakk ótæpilega ofan í sinnisveiki af óskilgreindum toga. Erfitt hefur verið að alast upp við þessar kringumstæður. Móðurástin hefur þó fleytt mörgu barninu langt við svipaðar aðstæður, og ást Kristjönu Havstein og metnaður fyrir hönd sonarins átti vafalaust þátt í þeim mikla frama sem Hannes hlaut um ævina. Hannes reyndist í alla staði meðfærulegur, ábyrgðarfullur og dugandi sonur. Hann virðist hafa þurft að bæla niður ákveðna eðlisþætti til þess að standa undir væntingum, þar á meðal hneigið til hóglífis, jafnvel hóflegar vinnu, sem komu fram á stúdentsárunum og undir lokin. Hugur hans stóð til ritverka og ljóðaiðkunar fremur en embættisverka. En Hannes var af íslenskum „aðalsættum“; honum var ætlað stórt hlutverk. Um tíma virtist hann hafa ætlað sér annað hlutverk, trúlofaðist Önnu Riis sem greinilega hafði engan hug á öðru en að setjast að í Kaupmannahöfn. En heimahagarnir kölluðu, eða kannski var það skylduræknin við móður hans og frænda, Tryggva Gunnarsson? Hvað sem því líður þá slitnuðu böndin við Önnu Riis og Hannes trúlofaðist náfrænku landshöfðingja, fór að sækja guðspjónustur og gera sig að frambærilegum manni. Öllu nær valdinu var ekki hægt að komast og ekki leið á löngu þar til úr rættist fyrir mannum með lélega lagaprófið. Hann gerðist ritari landshöfðingja, bauð sig fram til þings, gerðist sýslumaður á Ísafirði í kjölfar „Skúlamálsins“ og eftir það var leiðin greið.

Ýmislegt gerðist þó á leiðinni til valdsins sem sýnir að veldur hver á heldur. Fyrir stjórnmálafræðinga er fróðlegt að sjá hvernig stjórnmálin og stjórnmálakerfið breyttust á þessum tíma. Í bók Guðjóns má þannig lesa um framboðsaðferðir Hannesar sem voru um margt nýstárlegar. Hann ferðaðist um kjördæmin þar sem hann bauð sig fram og hélt sjálfur marga fundi auk þess að mæta á þá sameiginlegu framboðsfundi sem haldnir voru. Þá má einnig víða lesa úr textanum að meðan kosningar voru ekki leynilegar voru meðölin stundum ekki vönduð. Kjördæmin voru stór fram til breytinganna 1903 og aðeins einn kjörstaður í hverju. Hætt var við að þeir sem langt áttu að fara létu undir höfuð leggjast að sækja kjörfund. Sýslumaður Ísafjarðarsýslu fékk meðal annars hvalveiðiforstjóra til að flytja kjósendur á skipum (sjá t.d. bls. 294 og 336-37) og lesa má úr samtímaheimildum að vín hafi verið veitt á skipunum en einnig í landi til þess að tapa ekki af atkvæðum (sjá t.d. bls. 359). Þá kemur einnig fram að konur sóttu stundum kjörfundi (bls. 337) áður en þær höfðu atkvæðisrétt þótt þær kysu ekki. Fyrirkomulag kjörfunda og kosninga er lítt kannað svið í stjórnmálafræði hér á landi, en í bók Guðjóns leynast víða góðar heimildir til þess að vinna frekar með í rannsóknum. Fram kemur til dæmis að Heimastjórnarflokkurinn réð erindreka þegar árið 1908 til þess að boða málstaðinn um land allt og væntanlega fá menn til að ganga í flokkinn (bls. 566). Þótt

flokkakerfið ætti enn langt í land var meginhugsunin þó komin.

Annað bitastætt fyrir stjórn málafræðinga er að fylgjast með síðustu leifum konungsvaldins í landinu og hvernig pingræðið fetaði sig smám saman áfram. Það síðarnefnda var þó furðu lengi að festa sig í sessi. Hannes sagði ekki af sér þótt Heimastjórnarflokkurinn tapaði í kosningunum 1908, skít–tapaði reyndar, heldur beið fram á árið 1909 eftir vantrausti (bls. 529-36). Einnig er hér upplýst að danski forsætisráðherrann varaði Hannes við því árið 1912 að leggja fyrir konung nýsamþykkt lög Alþingis um peningalotterí því slík iðja bryti í bága við danska löggjöf. Hannes tók þann kost að leggja lögin til hliðar og bera ekki upp fyrir konung því hann hefði þurft að segja af sér ef konungur neitaði (sjá bls. 586). Var þá danska ríkisstjórnin eftir allt saman æðri hinum íslenska ráðherra og heimastjórnin orðin tóm ef á reyndi? Hannes Hafstein sat einnig fundi danskra ráðherra þegar hann var í Kaupmannahöfn, þótt hann héldi reyndar öðru fram við landa sína (bls. 592-94). Hætt er við að hitnað hefði undir ráðherranum ef hið sanna hefði spurst út því flestir samlandar hans hefðu átt bág með að fyrirgefa honum það—þrátt fyrir meinta glæsímennsku og ótvíræða forystuhæfileika. Guðjón hefur leitað fanga í fundargerðum ráðherrafunda hvað Hannes varðar, en fróðlegt væri að vita hvort aðrir ráðherrar heimastjórnar fylgdu fordæmi hans og ræddu málefni Íslands á fundum með dönskum ráðherrum.

Guðjón Friðriksson segir í eftirmála að meðal þess sem finna megi í hans bók en sleppt í riti Kristjáns Albertssonar sé þróun kvenréttinda og þróun lýðréttinda almennt. Fimm blaðsíður eru helgaðar konum sérstaklega, en að auki er nokkrum sinnum minnst á að Þórunn Jónassen, hálf systir Hannesar, og Kristjana móðir hans hafi haft mikil áhrif á skoðanir hans á kvenréttindum. Meðal þess sem nýlega er fram komið af efni tengdu Hannesi eru bréf þau er hann ritaði móður sinni. Þar kemur m.a. fram að hann talaði um kvenfrelsi á fundi Lestrarfélags Íslendinga í Kaupmannahöfn árið 1883 og er það sennilega ein fyrsta kvenréttindaræða sem Íslendingur hélt (sjá. bls. 133-34). Þessar upplýsingar bæta nokkru í þekkingu okkar á kvenfrelismálinu, en vitað hefur verið lengi að Hannes var sem þingmaður og ráðherra hlynntur bæði kosningarétti og öðrum réttindum konum til handa og sýndi það í verki. Annað nýtt í þessu efni kemur ekki fram í riti Guðjóns en fróðlegt hefði verið að fá fram meira um þennan þátt heimastjórnaráranna.

Í bók Guðjóns má finna vísbendingar um að Hannes hafi stundað það sem kallað er „nepotismi“ eða frændsemispólitík úr ráðherrastóli—en einnig fært sér í nyt hversu nátengdur hann var valdinu. Þannig keypti Landsbankinn (þar var bankastjóri Tryggvi Gunnarsson móðurbróðir hans) hús Hannesar þegar hann þurfti að losa sig við það við flutninginn til Ísafjarðar (bls. 259). Landsjóður keypti hús hans við Tjarnargötu árið 1909 þegar hann lét af embætti og við blasti persónulegt gjaldþrot (bls. 541). Hætt er við að fjölmiðlar nútímans teldu sig komast í feitt ef upplýstist um álíka mál ráðherra nú. Allt er þetta mikill fróðleikur fyrir stjórn málafræðinga og má skrifa um langar ritgerðir. Hér hefur verið stiklað mjög á stóru enda bókin allmikil um sig, einar 644 síður að meginmáli en 726 að öllu samanlögðu. Þó bókin sé mikil að vöxtum gengur vel að blaða í henni, bæði í sófa og í rúmi. Spássiur eru kannski fullnaumar til að hægt sé að pára mikið niður, en ekki verður á allt kosið í þessum efnunum. Frágangurinn og fagurfræðin við bókina henta prýðilega því hlutverki fyrir fræðimenn og forvitna að grípa til aftur og aftur í leit að meiri fróðleik um þetta tímabil Íslandssögunnar. Heimildavinna höfundar er mikil og vönduð og hrein gullnáma fyrir fræðimenn. Þá eru hinar fjölmörgu ljósmyndir skemmtileg viðbót við lesmálið og færa tíðarandann og persónur nær lesandanum. Í heild er saman kominn í þessari bók mikill fróðleikur og greining á þessu tímabili og leyfi ég mér að segja að hún sé skyldulesning stjórn málafræðinga og annarra sem áhuga hafa á Íslandssögu og stjórn málafræðingum.